

Reglur um styrkveitingar vegna keppnis- og æfingaferða

Ungmenni og afreksíþróttafólk sem æfa hjá félagi sem á aðild að ÍSÍ eða tekur þátt í viðurkenndum íþróttamótum getur sótt um ferðastyrk vegna keppnisferða/æfingaferða sem fylgir umtalsverður kostnaður fyrir umsækjanda. Framvísa skal staðfestingu frá þjálfara, fararstjóra eða öðrum tilbærum aðila ásamt gögnum um greiðslu kostnaðar og öðrum gögnum eftir ákvörðun skrifstofu. Hámarksstyrkur er kr. 50.000,- á ári fyrir hvern iðkanda.

Markmið

Meginmarkmið er að styðja einstaklinga í sveitarfélaginu sem stefna að frekari framförum og árangri á sviði íþróttar.

Reglur og skilyrði

Styrkþegi hafi lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi

Styrkurinn getur aldrei orðið hærri en þátttökugjaldið

Hver einstaklingur getur sótt um styrk vegna einnar eða fleiri keppnis- eða æfingaferða sem tekið er þátt í á árinu en styrkurinn verður þó aldrei hærri en 50.000 kr. árlega

Styrkinn er ekki heimilt að færa milli ára og fellur hann niður sé ekki sótt um hann á því almanaksári sem þátttakan fer fram

Veita má styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfingar eða keppni með landsliði sérsambanda ÍSÍ.

Iðkandi skal vera í afrekshóp, landsliði eða á annan sannanlegan hátt í úrtaki vegna landsliðsverkefna.

Framkvæmd

Umsóknareyðublað er rafrænt og aðgengilegt hér að neðan.

Umsókninni þarf að fylgja eftirfarandi:

- Ástæða umsóknar
- Staðfesting þjálfara/félags á þátttöku og dagsetning ferðar
- Greiðslukvittun þar sem fram kemur: nafn og kennitala íþróttafélags, nafn og kennitala þátttakanda, dagsetning ferðar, dagsetning greiðslu

Umsóknin sendist rafrænt ásamt fylgiskjölum. Umsókn **hér**

Styrkir eru greiddir innan mánaðar uppfylli þeir öll skilyrði.

Reglur um styrkveitingar vegna keppnis- og æfingaferða, samþykktar á 106. Fundi sveitarstjórnar 24.01.2023